

## BRÁÐABIRGÐALÖG

38  
23. júlí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka síldarbræðslustöð á leigu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Dóms- og útvegsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að brýn nauðsyn þyki til þess að taka leigunámi síldarbræðsluverksmiðju Útvegsbanka Íslands h/f á Sólbakka við Önundarfjörð, með því að bankinn hefir ekki viljað leigja hana á yfirstandandi sumri eins og undanfarið. Á síðasta þingi var ríkisstjórninni heimilað að kaupa verksmiðju þessa, en nauðsynlegur undirbúningur undir það hefir ekki farið fram, sökum þess að búízt var við, að verkmiðjan yrði leigð í sumar. Þar sem síldveiðatíminn er þegar byrjaður og nauðsyn á vegna atvinnu og framleiðslu landsmanna að verkmiðjan taki sem allra fyrst til starfa, þá er ekki annar kostur fyrir hendi en heimila ríkisstjórninni að taka hana leigunámi um síldveiðatímann í sumar með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, og verður þá síðar, er undirbúningur hefir farið fram, ákveðið, hvort ríkið kaupi verkmiðjuna eða ekki.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka síldarverkmiðju Útvegsbanka Íslands h/f á Sólbakka við Önundarfjörð á leigu, með eða án samþykkis bankans, meðan síldveiðar eru stundaðar á yfirstandandi ári, enda komi fullt endurgjald fyrir eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júlí 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*